

RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS
ORKUSTOFNUN

ÁBENDINGAR UM ÞRÓUN ORKUGEIRANS

Skýrsla frá umræðufundum
um orkurannsóknir
10. – 21. janúar 1977

VERKFRAEÐISTOFA
Vilhjálms Lúðvíkssonar

Október 1978

R.r. 5 – '78

OS-JHD-7859/ROD-7834

RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS
ORKUSTOFNUN

ÁBENDINGAR UM ÞRÓUN ORKUGEIRANS

Skýrsla frá umræðufundum
um orkurannsóknir
10. – 21. janúar 1977

VERKFRAÐISTOFA
Vilhjálms Lúðvíkssonar

Október 1978

R.r. 5 – '78 OS-JHD-7859/ROD-7834

EFNISYFIRLIT

| | <u>Bls.</u> |
|---|-------------|
| FORMÁLI | 5 |
| 1. INNGANGUR | 7 |
| 2. MEGINVÍÐHORF í ORKUMÁLUM | 9 |
| 3. STEFNUMÓTUN | 12 |
| 4. STARFSHÆTTIR - SKIPULAG - ÁKVARDANIR | 14 |
| 5. ORKUNÝTING | 19 |
| 5.1 Orkubúskaparrannsóknir | 19 |
| 5.2 Verðlagning raforku | 21 |
| 5.3 Nýtingarleiðir | 22 |
| 6. ORKUTÆKNI - ORKURANNSÓKNIR | 26 |
| 6.1 Orkugjafar | 26 |
| 6.2 Vatnsorkuvinnsla | 26 |
| 6.3 Jarðvarmavinnsla | 26 |
| 6.4 Varmatækni - varmafræði | 28 |
| 6.5 Þekkingaröflun - þekkingarmiðlun | 29 |
| 7. MEGINNIÐURSTÖÐUR | 30 |

FORMÁLI

Á undanförnum árum hefur á vegum Rannsóknaráðs ríkisins verið unnið að gerð langtímaáætlunar um rannsókna- og þróunarstarfsemina í landinu. Voríð 1978 kom út langtímaáætlun ráðsins, sem náði til rannsókna-starfsemi í þágu sjávarútvegs, þ.e. fiskveiða og fiskiðnaðar, landbúnaðar, iðnaðar og byggingariðnaðar, en á þessum sviðum eru starfandi rannsóknastofnanir, sem kenndar eru við þessa atvinnuvegi. Í áætluninni eru gerðar tillögur um starfshætti, viðfangsefni og mannafla og fjármagn, sem skuli varið til þessara stofnana á næstu árum.

Í framhaldi af þessu starfi ákvæð framkvæmdaneftnd Rannsóknaráðs ríkisins að setja af stað könnun á öðrum þýðingarmiklum rannsókna- og þróunarsviðum, sem unnið er að hér á landi. Var þá fyrst fyrir valinu orkugeirinn, sem er sá þáttur þjóðfélagsstarfsemi sem hvað mest er til umræðu um þessar mundir, annars vegar vegna örra breytinga í orkumálum um allan heim og hins vegar vegna þeirra sérstöku innlendu aðstæðna, sem skapast af þeirri gnægð vatnsorku og jarðvarma, sem íslendingar búa við. Jafnhliða því sem unnið er að gerð spáa um orkunotkun og mótuð stefna um virkjanir, dreifingu orku og skipulag orkumála, er nauðsynlegt að skoða hinar almennu þróunarforsendur, vandamál og tækifæri orkusviðsins í breiðum skilningi og kanna með hvaða hætti rannsókna- og þróunarstarfsemi í landinu geti komið að notum við umfjöllun um þau mál.

Til að hefja athugun á þróun orkugeirans var efnt til fundarsyrpu um orkurannsóknir í ársbyrjun 1977, þar sem teknir voru til umræðu nokkrir meginþáttir orkumála og kvaddir til fjöldi einstaklinga

til þess að koma fram með ábendingar og sjónarmið þar að lútandi. Að fundum þessum stóðu Rannsóknaráð ríkisins og Orkustofnun sameiginlega. Þessi bæklingur greinir frá helstu atriðum, sem fram komu á þessum fundum og eru þar dregnar saman upplýsingar úr yfir 800 staðhæfingum, ábendingum, tillögum og hugmyndum, sem fram komu á fundunum og um hina ýmsu þætti orku-mála. Má telja líklegt að þar sé fjallað um flest þau atriði sem taka þarf tillit til við nánari um-fjöllun um þróunarforsendur og horfur á hinum ýmsu sviðum orkumála. Er ætlunin að vísa þessum upplýsingum til starfshóps, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur hug á að setja á fót til að fjalla nánar um þróun orkugeirans með hliðsjón af þörfinni fyrir rannsóknir og þróunarstarfsemi á því sviði.

Það skal að lokum tekið fram að skýrsla þessi er ekki álitsgerð eða staðfestar niðurstöður umræddrar fundarsyru, heldur fyrst og fremst samantekt atriða, sem fram komu á fundinum og ástæða þykir til að hafa til hliðsjónar við nánari umfjöllun um þetta mikil-væga svið þjóðmála. Rannsóknaráð ríkisins og Orku-stofnun hafa ekki tekið efnislega afstöðu til þeirra atriða sem fram koma í skýrslunni og ber því ekki að líta svo á að það séu sjónarmið þessara stofnana sem fram koma í skýrslunni.

Október 1978

Vilhjálmur Lúðvíksson

1. INNGANGUR

Á undanförnum árum hefur Rannsóknaráð ríkisins unnið að langtímaáætlun um þróun rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna. Hefur sú áætlanagerð miðast fyrst og fremst við rannsóknir í þágu eftirtalinna megingreina:

Fiskveiða
Fiskvinnslu
Landbúnaðar
Bygggingariðnaðar
Iðnaðar

Þáttur í áætlunargerðinni hefur verið samning álitsgerðar kunnugra manna á hverju sviði um stöðu og þróunarhorfur í viðkomandi grein.

Vegna mikilvægis orkumálanna og þeirra miklu umræðu um þau, sem staðið hefur að undanförnu, hefur framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs talið æskilegt að gera hliðstæða úttekt á stöðu og horfum í orku-iðnaðinum og tengslum hans við atvinnulega og félagslega þróun í landinu og leggja síðan fram áætlun um rannsóknir í þágu hans á næstu árum. Vegna mikils kostnaðar við störf starfshópa og vegna tímaskorts var að svo stöddu ekki talið gerlegt að láta orkumálin fá hliðstæða meðferð og hina atvinnuvegina eða gera áætlun um orkutengdar rannsóknir.

Til að gera málínu þó nokkur skil og undirbúa áætlanagerð síðar var í samvinnu Orkustofnunar og Rannsóknaráðs ríkisins gengist fyrir fundarsyru um orkurannsóknir, sem fram fór dagana 10. - 21. janúar, 1977. Voru þar ræddir 7 valdir þættir orkumála og boðið sérstaklega nokkrum einstaklingum til að fjalla um hvern þátt. Um-

ræður fóru fram með "brain storming" sniði, með það fyrir augum að fá frjálslegar og óbundnar skoðanir fram í formi

staðhæfinga
ábendinga
tillagna
og hugmynda

Ætlast var til, að rökstuðningur þyrfti ekki að vera ítarlegur og að ekki yrði endilega komist til botns í álita- og ágreiningsmálum, sem upp kæmu. Í fundarskýrslum er því að finna ýmsar vafasamar og mótsagnakenndar staðhæfingar, sem kanna þyrfti nánar og meta áður en afstaða er tekin til þeirra.

Í fundunum tóku þátt rúmlega 90 einstaklingar og að lokinni frumúrvinnslu fengust 820 staðhæfingar, ábendingar, tillögur og hugmyndir um hina ýmsu þætti orkumála. Viðfangsefni fundanna 7 voru eftirfarandi:

1. Vatnsorkurannsóknir
2. Jarðvarmarannsóknir
3. Vinnslutækni jarðvarma
4. Orkubúskaparrannsóknir
5. Aðhæfing framleiðsluferla
6. Nýjar greinar orkutengds iðnaðar
7. Staðarval og ákvarðanataka

Þar sem fundarmenn voru allir nákunnugir eða sérfræðingar á þeim sviðum, sem efni fundanna fjölluðu um, má ætla að í niðurstöðum sé drepið á flesta þá þætti, sem skipta málí í þróun orkumála, þótt ekki sé það stutt tölulegum gögnum eða staðreyndum, sem vitna má til. Við nánari könnun á stöðu orkumála og spá um þróun þeirra

er hér mikill efniviður saman kominn, sem æskilegt væri að vinna nánar úr.

Í eftirfarandi verður drepið á meginatriðin, sem fram komu í fundasýrpunni í von um, að það geti skapað nokkurn grundvöll frekari umræðna og gefi tilefni til frekari athugana á þróun þessa mikilvæga sviðs. Á það skal lögð áhersla að hér er ekki um samræmt álit eða staðfestar niðurstöður að ræða, heldur fyrst og fremst samantekt atriða sem hafa ber til hliðsjónar við nánari athugun á þessu mikilvæga sviði þjóðmála. Rannsóknaráð ríkisins og Orkustofnun hafa að sjálfsögðu ekki tekið efnislega afstöðu til þeirra atriða sem hér koma fram.

2. MEGINVIÐHORF Í ORKUMÁLUM

Það helsta sem fram kom um viðhorf í orkumálum má draga saman á eftirfarandi hátt:

2.1 Flestir eru sammála um að hinni öru aukningu á notkun olíu og gass á undanförnum áratugum verði ekki haldið áfram öllu lengur og nú þegar sé horft fram á stöðnun olíuframleiðslu í heiminum og jafnvel þurrð á nokkrum mikilvægum svæðum. Afleiðingar verða þrenns konar:

- verð á olíu mun hækka ört áður en langt um líður og þar með orkuverð almennt. Líklegt er, að efnahagslegar, stjórnmálagar og atvinnulegar afleiðingar verði afdrifaríkar.
- mjög viðtæk breyting frá notkun olíuefna í framleiðsluferlum, samgöngum og hýbýlahitun, til annarra orkugjafa, svo og til

sparnaðar þar sem unnt er.

- mikil áhersla verður lögð í öllum iðnvæddum ríkjum á að finna nýja innlenda orkugjafa og þróa tækni, sem getur hagnýtt þá.

- 2.2 Ísland kýr yfir mjög stórum orkulindum í hlutfalli við núverandi stærð þjóðarinnar. Fram kom sú fullyrðing, að vatnsorkulindirnar séu jafngildi 40-50 TWh (Terawattstund = milljarður kílowattstunda = 10^{12} Wh) af tæknilega nýtanlegri raforku, en jarðvarmaliðirnar 2-3 falt það miðað við varmainnihilhald yfir umhverfis hita. Sem stendur er hin opinbera áætlun Orkustofnunar sú, að vatnsafl landsins sé um 35 TWh, en jarðvarmi um 80 TWh. Aðeins lítill hluti þessarar orku hefur enn verið nýtt eða um 6-8% af tæknilega nýtanlegu vatnsafli, en mun minna af tæknilega nýtanlegum jarðvarma. Þó er orkunotkun á íbúa hérlendis orðin allhá í samanburði við aðrar þróaðar þjóðir.
- 2.3 Ef miðað er við stærri vatnsvirkjanir og virkjanleg jarðhitasvæði getur framleiðslukostnaður raforku í orkuveri hér á landi verið lágur miðað við framleiðslukostnað í öðrum löndum. Heildsöluverð er talið til-tölulega lágt. Hins vegar var fullyrt að íslenskir raforkuneytendur byggju við eitt hæsta smásöluverð raforku sem þekkist. Skýringanna á þessari þverstæðu var m.a. talið mega leita til eftirfarandi atriða:
- langra og kostnaðarsamra stofn- og dreifi- veitna

- áhrifa aðflutningsgjalda, söluskatts og annarra opinberra áлага á endanlegt orkuverð
- lélegrar nýtingar raforkumannvirkja vegna markaðsaðstæðna
- mikilla flutningstapa í ófullkomnum dreifi-veitum
- ósamræmis milli áfanga í orkuverum og markaðsþróunar, sem annars vegar leiðir til keyrslu dieselstöðva, en hins vegar til ónýtts umframafls í stærri orkuverum
- of mikill þáttur óhagstæðs lánsfjármagns, en lítill þáttur eiginfjár í raforkuframkvæmdum.

Fram kom að búast megi við að hið háa raforkuverð muni ríkja hér áfram næstu 30-50 ár á meðan uppbyggingu öflugs framleiðslu- og dreifikerfis stendur og á meðan afskriftir og afborganir lána vega þungt á metunum.

- 2.4 Jarðvarmi er sennilega víðar nýtanlegur en menn hafa til skamms tíma haldið og getur gefið mjög ódýra orku til upphitunar í hýbýlum og framleiðslustarfsemi. Möguleiki er til hagnýtingar á mun fleiri sviðum en nú tíðkast og líklegt að draga megi verulega úr innfluttu eldsneyti og bæta samkeppnis-aðstöðu í vissum framleiðslugreinum.
- 2.5 Fram kom sú fullyrðing að fyrirsjáanleg aukning almennrar raforkunotkunar (þ.e. að undanskildum stórnottendum) er um 10-15 MW á ári á næstu árum*. Hagstæðustu virkjanakostir

* í orkuspá orkusparnaðarnefndar sem út kom um mitt ár 1978 er væntanleg aukning aflþarfar til almennra nota um 25 MW á ári.

landsins í vatnsafli eru þó flestir af stærðinni 130-150 MW og þaðan af stærri. Mikil þörf er á að rannsaka og skýra hvernig hagnýta megi orkulindir landsins án þess að sú uppbygging verði fjárhagslegur baggi á þjóðinni.

- 2.6 Uppi eru hörð átök um þátt orkufreks stóriðnaðar í nýtingu orkulindanna og ekki er ljóst hver sá þáttur verður. Stefnan í því efni mun þó ráða mjög miklu um hraða orkuuppbyggingarinnar á næstu áratugum og þar með um umfang rannsókna- og undirbúningsframkvæmda á því sviði.

3. STEFNUMÓTUN

Eftirfarandi skoðanir um stefnumótun komu fram á fundunum:

- 3.1 Markmið orkuframkvæmda í landinu eru óljós og mótað viðhorf manna annars vegar af tímabundnum og/eða svæðisbundnum orkuskorti eða jafnvel aflskorti, sem nemur á einstökum svæðum 15-20 MW og á landinu í heild að hámarki 25-30 MW, og hins vegar af áformum og áætlunum um orkuver og stofnlínuframkvæmdir, sem skilað geta hundruðum megawatta. Misræmi er milli vona þjóðarinnar og drauma um stærð virkjana annars vegar og horfa um nýtingu orkunnar hins vegar.

Nauðsynlega þarf að skýra markmið orkuframkvæmda og meta á skýran hátt hvernig skuli séð fyrir eða tekið tillit til:

- almennra markaðsparfa og atvinnuþróunar
- sparnaðar á innfluttum orkugjöfum

- öryggissjónarmiða
- byggðasjónarmiða
- sérstakra orkutengdra atvinnugreina
(þ.a.m. orkufrekrar stóriðju)
- hugsanlegra framtíðartakmarkana á ráðstöfun auðlindanna með hliðsjón af umhverfissjónarmiðum og þörfum komandi kynslóða í landinu.

Leggja ber áherslu á náið samhengi markaðsþróunar og orkuframkvæmda, m.ö.o. samhengi efnahags- og atvinnumálastefnu annars vegar og orkustefnu hins vegar.

Hverfa verður frá þeim skammtímaviðhorfum sem mótaðast af tímabundnum orkuskorti á einstöku svæðum. Í stað þess þarf að móta stefnu til langt tíma á breiðum grundvelli. Langtímatímiðhorf eru hér nauðsynlegri en í flestum öðrum efnum, þar sem undirbúningstími eins orkuvers er mjög langur eða að meðaltali um 8 ár. Skammtímaviðhorf geta því ekki leitt til annars en óvandaðs undirbúnings og handahófsákvvarðana með hugsanlega afdrifaráíkar fjárhagslegar afleiðingar.

3.2 Frumkvæði. Nauðsynlegt var talið að iðnaðar- og orkuráðuneyti, f.h. ríkisvaldsins hefði frumkvæði að mótuðun sampættrar iðnaðar-, atvinnulífs- og orkustefnu og fæli Orkustofnun, aðilum orkuiðnaðarins, þjónustustofnunum atvinnuveganna og Framkvæmdastofnun í samvinnu við sveitarfélög eða samtök þeirra að undirbúa þá stefnumótun efnislega.

Orkumálastjóri fyrir hönd Orkustofnunar verður að hafa sjálfstæði til að gagnrýna

það sem miður fer um orkuframkvæmdir og leggja skoðun stofnunarinnar skýrt fram.

- 3.3 Stefnumótun í orkumálum verður að vera skýr, opinská og meðvituð í huga þjóðarinnar ef samstaða á að nást um framkvæmd hennar.
Þetta krefst opinberrar umræðu (debatt) um vandlega undirbúnar stefnumótandi tillögur. Tillögur um stefnu þurfa að bera í sér ramma að uppygggingarhraða, ráðstöfun orku í grófum dráttum, valkosti um áfanga í orkumannvirkjum, tengsl við markað og ráðstöfun til mismunandi þurfa, hugsanlega tímasetningu og fjármögnumarra meiri háttar áfanga.

4. STARFSHÆTTIR - SKIPULAG - ÁKVARÐANIR

Á fundunum var staðhæft að starfshættir við undirbúning orkuframkvæmda séu enn lítt mótaðir, og ákvarðanir um undirbúning og framkvæmdir komi oft ekki í eðlilegri röð. Talið er nauðsynlegt að koma fastari skipan á undirbúning og ákvarðanir um orkuframkvæmdir.

Hugmyndir komu fram um áfangaskipan, sem hér er sett í heillegt yfirlit, en með nokkru öðrum hætti en fram kom í einstökum tillögum.

Það skal tekið fram að liðir 4-10 í yfirliti bessu eiga fyrst og fremst við um undirbúning vatnsafsvirkjana, en eiga sér væntanlega nokkra hliðstæðu í undirbúningi jarðhitavirkjana. Þar kom hins vegar til álita skipting í

- yfirborðsrannsóknir
- djúprannsóknir

- reynsluboranir
- vinnsluboranir

ásamt fléttun við áætlanagerð, forval, hönnun og framkvæmd. Tölur um kostnað við ýmsa áfanga geta verið mun hærri fyrir jarðhita, en jafnframt eru kostnaðartölur mjög grófar og aðeins til leiðbeiningar.

Vísað var til þeirra starfsháttta, sem formlega væri beitt í Noregi í vatnsaflsrannsóknunum.

Í yfirliti þessu eru mörg hugtök enn óljós og mikil nauðsyn að festa í sessi skýra meðvitund um merkingu þeirra og stöðu í tengslum við undirbúning. Eskilegt væri að sett yrðu fram skipurit sem sýndi tengsl áfanga og röð ákvarðana.

Lögð var áhersla á að skilja bæri ábyrgð á forathugunum (4) og frumáætlun (5) frá ábyrgð á undirbúnungi á framkvæmdastigi, þ.e. hönnun (8) og útboðslýsing (9). Tryggja yrði fjármagn og vinnufrið til að stunda undirbúningsrannsóknir með stöðugleika og langtímasjónarmið í huga. Það starf á alfarið að vera í höndum Orkustofnunar.

Gagnrýnd var tilhneiging virkjanafyrirtækja, landshlutahagsmunahópa og stjórnmálamanna til að vanmeta nauðsyn undirbúningsrannsókna og leitast við að færa einstök verkefni á ótímaþaran hátt millistiga undirbúnings. Þannig væri gripið inn í eðlilega rás undirbúnings með fjárhagslega afdrifaríkum afleiðingum. Eðlilegur vettvangur slíkra átaka við stefnumótun (1), forval (7) og ákvörðun um framkvæmd (9). Hér yrði orkumálastjóri að beita áhrifum sínum meira til að beina þróuninni á þjóðhagslega skynsamlegar brautir og

| ÁFANGI | FRUMKVÆÐI/ÁBYRGÐ | TÍMI | KOSTNAÐUR |
|---|--|------------------------------|--|
| 1. Stefnumótun rammi orku- uppbýggingar | Alþingi Orku- og iðnaðar- ráðuneyti Orkustofnun | 2-3 ár og endur- tekið | 20-30 m.kr/ár |
| 2. Grundvallarrannsóknir vatn, veður, jarðfræði lífríki, landslag | Orkustofnun, o. fl. | Stöðugt | 50-100 m.kr/ár |
| 3. Orkubúskapparrann- sóknir | Orkustofnun | Stöðugt | 10-20 m.kr/ár |
| 4. Forathugun virkjana- kosta (almenn könnun á grundvelli undir- stöðugagna) | Orkustofnun | 1-3 ár hver 5-10 ár alls | 10-20 m.kr/hver 200-300 m.kr/ár (mun meira ef jarð- varmavirkjanir eru teknar með) |
| 5. Frumáætlun tæknileg og hagræn úttekt byggð á nokkrum sér rann- sóknum | Orkustofnun | 2-3 ár/hver 10 ár alls | 30-500 m.kr/hver 600-900 m.kr/ár |

| | | | |
|--|---|--|--|
| 6. <u>Mynsturáætlun á grundvelli forathugana og frumáætlana fyrir flesta virkjana- valkostí</u> | Orkustofnun | 5-10 ár Regluleg endurskoðun í ljósi tækni og verðþróunar | 600-900 m.kr/ár - frumrannsókn - djúprannsókn - vinnslurannsókn |
| 7. <u>Forval virkjana kosta í samræmi við stefnu í orkumálum og efnahagsmálum á hverjum tíma</u> | Alþingi að fengnum tillögum OS og orkuráuneytis og orkuframleiðenda | Eftir atvikum | - |
| 8. <u>Hönnun. Nákvænnisútfærsla á virkjunar-kosti til útreiknings á orkuverði og sem undanfari ákvörðunar um framkv. og fjármögnum</u> | Virkjunarfyrirtækji með aðstoð ráðgefandi aðila | 1-2 ár | 1000-10000 m.kr. |
| 9. <u>Ákvörðun um framkvæmd</u> | Alþingi - orku-ráuneyti | - | - |
| 10. <u>Útboðs- og framkvæmda-lýsing og framkvæmd</u> | Virkjunarfyrirtækji | 2-4 ár | 1000-10.000 m.kr. |

tryggja samfelli starfs til langs tíma í samræmi við ramma orkustefnu. Án mótaðrar orkustefnu yrði slikt pó að sjálfsögðu erfitt.

Bent var á nauðsyn þess að hverju stigi undirbúnings lyki með yfirliti um þjóðfélagslega hagkvæmni og arðsemi á sambærilegum matsgrundvelli fyrir alla virkjanakosti og að allir kostnaðarþættir væru metnir á sambærilegan hátt (t.d. eftir R.b. kostnaðarkerfi). Í mati virkjanakosta yrði að koma fram framleiðslukostnaðarverð orku, kostnaðarverð til neytenda miðað við fyrirhugaða markaðsmynd, mælikvarði á öryggi og mælikvarði á umhverfis- og félagsleg áhrif.

Talið var nauðsynlegt að taka til athugunar umhverfis- og félagslega þætti við undirbúning og mat virkjana.

Hinn takmarkaði mannafli og fjármunir fámennrar þjóðar gerir án efa í reynd erfitt um vik að viðhalda samfelldu starfi rannsókna og framkvæmda og með aðskildu starfsliði og ábyrgðarhlutverki stofnana og fyrirtækja. Að vissu marki má nýta erlenda sérþekkingu, en pó ávallt undir eftirliti eða í náinni samvinnu við innlenda sérfraðinga.

Ýmis sjónarmið komu fram um skipulag og eignaraðild orkumannvirkja, en samstaða virtist um nauðsyn samtengingar veitusvæða og virkjun hagkvæmustu virkjanakosta án tillits til svæðisbundinna hagsmuna. Svæðisbundin sjónarmið um virkjanaframkvæmdir hljóta þó að verða sterk meðan samtenging er ekki komin til framkvæmda og öryggi rafveitukerfis lítið.

Staða Orkustofnunar í orkumálum var rædd og talin nauðsyn á að endurmeta og skýra hlutverk hennar í

eftirfarandi atriðum með það fyrir augum að styrkja stöðu hennar:

- a) stefnumótunarhlutverk
- b) rannsóknahlutverk við undirbúning virkjana
- c) verkfræðilegt hlutverk og hönnunarhlutverk
- d) orkubúskaparrannsóknir og yfirsýn orkumála
- e) upplýsinga- og þekkingarmiðlun innan orkugeirans

Talið var, að orkumálastjóri yrði að nýta betur valdsvið sitt en hann hefur gert, en orkuráðuneyti yrði að samhæfa störf á orkusviðinu í heild um rannsóknir, undirbúning mannvirkjagerðar, rekstur orkuvera, dreifingu orku, þróun orkunotkunar og nýtingu innlendra orkugjafa.

Fram komu þau sjónarmið að virkja ætti meira dreifða krafta á verkfræðistofum og í háskólanum til að vinna þau verkefni, sem Orkustofnun hefur með höndum og stjórnar.

5. ORKUNÝTING

- 5.1 Orkubúskaparrannsóknir. Fram kom sú sko~~n~~un að mikill mismunur milli framleiðsluverðs og endanlegs verðs til hins almenna neytanda, svo og mismunur á meðalframleiðsluverði og verðs til stórnottenda þarfnaðast sérstakrar skýringar við, og nauðsyn er á könnun á kostnaðardreifingu raforkukerfisins og möguleikum til hagræðingar, sparnaðar og bættrar

nýtingar til að lækka raforkuverð og til að spara innflutta orkugjafa.

Í því sambandi þyrfti að athuga eftirfarandi:

- auka þarf orkubúskaparrannsóknir til að skapa nákvæmari innsýn í nýtingarhætti og opna möguleika á að meta hagkvæmni mismunandi framleiðslu-, dreifingar- og nýtingarleiða.
- kanna þarf sérstaklega samnýtingu orkugjafa, þ.e. blönduð kerfi
 - afgangsraforka + olía til hitunar í samveitum (fjarhitunarkerfi)
 - notkun varmadælu (raforku) til að hagnýta afgangsvarma eða volgt vatn með lágu hitastigi til húshitunar og framleiðslustarfsemi
- kanna þarf orkutöp
 - í dreifilínum
 - vegna vanstillingar tækja
 - vegna skorts á einangrunog meta þörf á meira eftirliti með þessum þáttum.
- kanna þarf leiðir til að bæta dægur- og árstíðanýtingu orkuveitukerfa:
 - í einstökum framleiðsluferlum
 - innan lítilla sveitarfélaga
 - innan iðnhverfa
 - innan heimila

5.2 Verðlagning raforku. Það sjónarmið kom fram að verðleggja bæri raforku eða semja um afhendingarskilmála þannig að neytandinn hefði hag af að nýta orkuna sem best. Athuga bæri sölu á föstum aflhluta á hagstæðu meðalverði, en háu gjaldi fyrir umframnotkun. Þá bæri að gera greinarmun á fjórum tegundum afgangsraforku er hefðu mismunandi þýðingu og verðgildi fyrir orkukerfið:

1. Afgangsorka vegna sveiflukennds dægurálags.
2. Afgangsorka vegna umframgetu í framleiðslu í meðalvatnsári miðað við það lágmarksvatnsár, sem takmarkar ráðstafanlegt grunnafl eða forgangsorku orkuframleiðenda.
3. Árstíðabundin sveifla í eftirspurn skapar umframafl að sumri.
4. Ónotað og ómiðlað vatnsmagn jökulánna að sumri skapar afgangsorku til framþúðar.

Magn afgangsorku í þessum flokkum er breyttilegt eftir eðli eftirspurnar og miðlunar gettu. Verðgildi raforku í þessum flokkum er mismunandi.

Verðjöfnun og niðurgreiðsla á orku getur leitt til þjóðhagslega mjög óhagkvæmrar ráðstöfunar á orku og hækkað almennt orkuverð óhóflega. Dæmi um þetta er sala á raforku til hitunar á 3 kr/kwh þegar framleiða verður orkuna með 15 kr/kwh beinum kostnaði í dieselstöð.

5.3 Nýtingarleiðir. Hin fyrirsjáanlega gnægð vatnsorku og jarðvarma að hlutfalli við mannfjölda í landinu gefur tilefni til könnunar á leiðum til að nýta þessar auðlindir til hagsældar og farsældar fyrir landsmenn.

- Um þýðingu orkufrekrar stóriðju eru menn ekki á eitt sáttir og eru talin ýmis rök með og á móti:

Með:

- Hagkvæmasta leiðin til að nýta orku í stórum stíl til verðmætasköpunar.
- Gefur tilefni til skjótrar uppbygg- ingar öflugs raf- orkukerfis. Er leiðin til lægra orku- verðs og meira öryggis.
- Auðveldar uppbygg- ingu hafna og samgöngukerfa.
- Leiðir til örari hagvaxtar þjóðar- tekna á mann og hækkandi launa þegar til lengri tíma er horft.

Móti:

- Hættuleg pólitisk áhrif af erlendri eignaraðild í slíkum fyrirtækjum.
- Kostnaður við fram- kvæmdir langt umfram fjárhagslega getu og lánstraust landsmanna. Leiðir til herra orkuverðs vegna óhagstæðra orkusölusamninga.
- Dregur úr fjárráð- stöfun til annarra framkvæmda og félags- legra umbóta.

- Veldur samkeppni um vinnumafl og röskun hjá hefðbundnum atvinnuvegum.

- Leiðir til efnahags- - Veldur stórfelldum
legra margfeldis- breytingum á félags-
áhrifa og víkkar legum högum fólks,
viðskiptagrundvöll. lífsviðhorfum og
menningarhefðum.
- Greiðir götu tækni- - Veldur mengun um-
þróunar og opnar hverfis úti og inni
aðra nýiðnaðar- og spillir ásýnd
möguleikum með hrá- landsins.
efnum, aðstöðu, við-
skiptum, o.fl.

Ekki verður séð, að rök þessi með eða móti séu studd fullnægjandi sönnunum og þyrfti að gera ítarlegri athuganir á þessum þáttum heldur en nú liggja fyrir og þá kanna um leið hvort og hvernig sé unnt að draga úr neikvæðum áhrifum og/ eða tryggja þau jákvæðu. Gera mætti flokkun á þeim stóriðjutegundum, sem teldust æskilegar og þeim, sem óæski-legar væru og setja strangar reglur um starfsleyfi og starfsskilyrði slíkra fyrirtækja.

2. Frumathuganir sýna, að innlenda orku-gjafa má nota í mun meiri mæli en nú er í ýmsum framleiðsluferlum. Jafnframt er unnt að spara olíu í verulegum mæli. Til álita koma t.d. eftirfarandi:

Landbúnaður: Jarðvarmi og afgangsraf-orka í heyverkun, grasmjöls- og gras-kögglaframleiðslu, jarðvarmi og raforka í ylrækt, jarðvarmi í fiskirækt.

Fiskveiðar: Oliunotkun fiskiskipa á hvert

tonn af olíu vex ört með stærð skipa og siglingahraða. Kanna þarf möguleika til sparnaðar olíu og skera úr um hagkvæmni svartolíunotkunar á þessum vettvangi. Til lengri tíma horft væri æskilegt að rannsaka möguleika á notkun annarra orku-gjafa, sem framleiða mætti innanlands.

Fiskvinnsla: Talið er unnt að lækka olíunotkun fiskmjölsverksmiðja stórlægum með bættri varmanýtingu. Hægt er að láta gufukatla í sumum fiskmjölsverksmiðjum framleiða eigin raforku og jafnvel nýta sem varastöðvar fyrir lítil byggðarlög. Þar sem næst til jarðgufu má nota hana til eimingar og þurrkunar í fiskmjölsverksmiðjum. Þurkun skreiðar og saltfisks með jarðvarma er líkleg til að hafa verulega þýðingu í framtíðinni. Einnig má nota jarðgufu til þess að knýja "absorptions"-frystikerfi til hraðfrystingar og ísframleiðslu í fiskiðnaði.

Iðnaður: Helstu atriði, sem til athugunar koma varðandi orkunýtingu í iðnaði eru:

Dæmi:

- rafmagn í rafgreiningu ál, magnesium, titanium
- rafmagn í raf-bræðslur málmar, basalt, steinull, mullit, kórundum, járnsteypur
- rafmagn í sementsgerð
- blönduð kerfi rafmagns og olíu til gufuframleiðslu

- jarðvarmi í sjóefnavinnslu - salt, magnesíumklóríð, o.fl.
- jarðvarmi til súrálsframleiðslu
- jarðvarmi til hitunar, þurkunar og frystingar í ýmsum kerfum
- jarðvarmi og raforka til þungavatns-vinnslu

Gæta þarf að tengslum iðnaðarmöguleika við stóriðjugreinar - t.d. formbreytingar og úrvinnsla á áli eða magnesíum.

Samgöngur: Helstu ráðstafanir á samgöngusviðinu, sem varða orkumál eru tengdar sparnaði í notkun eldsneytis, t.d. með hraðatakmörkunum og stillingu aflvéla. Lengra í framtíðinni eru svo möguleikar á nýjum fljótandi eða loftkendum orkugjöfum, svo sem metanol, vetrni eða ammoníaki til notkunar í brennsluhreyfum eða eldsneytisrafhlöðum. Rafmagnsbifreiðar til aksturs á stytti vegalengdum gætu haft þýðingu hér lendis.

Hýbýlahitun og umhverfisprýði: Jarðvarmi verður varla nýttur á hagstæðari hátt en til hýbýlahitunar, þar sem varminn er notaður við lágt hitastig, með tiltölulega litlum flutningstöpum. Líklegt er að jarðvarmi verði nýttur í æ ríkari mæli til ýmis konar umhverfisprýði, upphitunar á yfirbyggðum almennингssvæðum og götum, gangstéttum, glerskálum og gróðurhúsum við heimahús, o.s.frv.

6. ORKUTÆKNI - ORKURANNSÓKNIR

- 6.1 Orkugjafar. Helstu ónotaðir orkuvinnslumöguleikar hérlandis aðrir en vatnsorka og jarðvarmi voru taldir sjávarfalla- og ölduorka, vindorka, surtarbrandslög og olía af íslensku hafssbotnssvæði. Sérstaklega bæri að athuga möguleika vindorku og líkur fyrir olíu á hafsvæðum við landið.
- 6.2 Vatnsorkuvinnsla. Lögð var nokkur áhersla á þörf fyrir auknar grunnrannsóknir í tengslum við áform um vatnsorkuver og stofnlínulagnir, vegna þess langa tíma sem upplýsingaöflun tekur. Hér er átt við:

jarðfrædirannsóknir
vatna- og vatnsbúskaparrannsóknir
veðurfarsrannsóknir
umhverfisrannsóknir

Sá þáttur virkjanagerðar sem mest þarfnað skipulegra verktæknirannsókna er jarðgangnerð í hinu margbreytilega íslenska bergi. Reynslu af sprengingum hefur ekki verið haldið kerfisbundnu saman og tilviljanakennt hvort hún nýtist frá einu verkefni til annars. Aðstæður til jarðvinnslu reynast oft aðrar en gert er ráð fyrir við könnun. Reyna þyrfti jarðgangaborvél við íslenskar aðstæður.

- 6.3 Jarðvarmavinnsla. Sú hlið jarðvarmans sem minnst er þekkt og erfiðust í meðförum, er vatnsleiðnin eða lekt bergsins og þar með afkastageta hugsanlegs vinnslusvæðis. Safna þarf meiri gögnum og rannsaka samhengi jarðfræði, poruhluta bergs og upplýsinga frá dæluprofunum. Mikil nauðsyn er á að þróa

nothæft reiknilíkan af íslenskum jarðhita-kerfum til leiðbeiningar við djúprannsóknir og vinnslu. Útbreiðsla og dýptarmörk grunnvatns- og jarðhitakerfa eru illa þekkt. Þar með er lítið vitað um hugsanleg mörk í umfangi jarðhita í landinu og um vætanlega endingu einstakra jarðhitasvæða.

Tækni við leit að jarðhita með yfirborðsrannsóknum hefur fleygt fram að undanförnu, hins vegar er tækni til að framkvæma djúprannsóknir, þ.e. kanna líklega vinnslugetu með rannsóknum á gögnum frá borunum skemmta á veg komin. Þannig er t.d. úrvinnsla og mat borgagna mun seinlegri en sjálf framkvæmd borunarinnar. Veldur það mikilli óvissu um staðsetningu borhola sem boraðar eru í röð.

Reynslan af framkvæmdum við Kröflu hefur leitt í ljós að gefa þarf mun meiri gaum að röðun rannsókna reynsluborana, vinnsluborana og ákvarðana um framkvæmdir við virkjun jarðhitasvæða og vætanlega þýðir þetta að undirbúnings jarðvarmavirkjana á nýjum svæðum verður lítið styttri en vatnsafsvirkjana gagnstætt því sem áður hefur verið talið. Um viðbótarvirkjanir á þekktum svæðum gildir þó öðru máli. Taka verður ríkara tillit til þessara atriða við skipulag undirbúnings og framkvæmda- og ákvarðana-töku en gert hefur verið.

Hinar umfangsmiklu boranir á undanförnum mánuðum hafa leitt í ljós mjög margvisleg tæknileg vandamál og lausnir í sambandi við borun og frágang borhola, sem of langt mál yrði að ræða hér, en full ástæða sýnist til

að taka saman í rit um íslenska jarðvarmatækni.

Lítil reynsla er enn komin á sjálfar varma-veiturnar frá háhitasvæðunum og án efa mörg atriði sem þar bíða þróunar.

Málmtæring hefur sums staðar verið vandamál í jarðhitakerfum, venjulega vegna súrefnис í vatni úr borholum í lághitakerfum. Einnig eru uppi nokkur vandamál í sambandi við saltríkt jarðhitavatn. Málmtæring í vatni og gufu á háhitasvæðum er enn lítið rannsökuð.

Skeljun er fyrst og fremst vandamál á háhitakerfum og er varla önnur lausn á því en notkun hreinsanlegra varmaskipta eða blöndun gufu í hreint kalt vatn. Varmaskiptatækni sem hentar háhitasvæðum er því aðkallandi viðfangsefni, ekki síst vegna fyrirsjáanlegrar notkunar í iðnaðarferlum.

Við nýtingu jarðvarma í framleiðsluferlum verður mikil nauðsyn á vinnslutilraunum fyrir breytilegar aðstæður, þ.e. eðli vatnsins eða gufunnar.

- 6.4 Varmatækni - varmafræði. Hagnýting jarðvarma og vatnsorku til fjölbreytilegra nota hérlendis gefur tilefni til aukinnar áherslu á varmatæknilegar athuganir í tengslum við orkubúskap okkar. Annars vegar verða það hin hefðbundnu viðfangsefni varmaflutnings, varmaskipta og einangrunar en í vaxandi mæli einnig varmadælur, varmaþjóppur, ísogsfrysting (absorptionsfrysting), samnýtingu orkugjafa og samhæfingu orkunotkunar á mismunandi orkustigum (hitastigs, orkuforms). Ástæða er til

að taka þessi viðfangsefni sérstaklega fyrir í Tækniðskólanum og Háskólanum.

- 6.5 Pekkingaröflun - þekkingarmiðlun. Undirbúningur og rannsóknir vegna orkumannvirkja, beislun orkulinda og hagnýting orkunnar, hefur hér á landi leitt í ljós ýmis séríslensk vanda-mál. Við lausn þeirra hefur verið próuð inn-lend tæknibekking, sem tryggja verður að glatist ekki, heldur miðlist og endurbætist með frekari reynslu. Sérstaklega er brýnt, að sú þekking, sem aflast á sviði jarðhitamála varðveitist og útbreiðist, enda standa íslendingar þar alþjóðlega í fararbroddi á mörgum sviðum. Skipuleggja þyrfti söfnun, skráningu og útbreiðslu þessarar bekkingar og reynslu, og forða því að hún lokist inni hjá einstaklingum eða stofnunum. Nauðsynlegt er að gera úttekt á verkum þar sem eithváð hefur farið úrskeiðis sem læra má af.

Orkustofnun, Háskólinn og Tækniðskólinn gætu staðið saman að slíkri þekkingarsöfnun og miðlun, látið skrifa handbækur um jarðhitatækni. Efna mætti til samskipta við erlendar þjóðir og alþjóðastofnanir (Sameinuðu þjóð-irnar) um skipti á þekkingu. Með þessu gætu íslenskir sérfræðingar haslað sér völl á alþjóðavettvangi á sviði jarðhitatækni í enn ríkara mæli. Vísir að slíkri starfsemi er þegar fyrir hendi með samningi milli Orku-stofnunar og ERDA í Bandaríkjum og lengi hafa verið tengsl íslenskra jarðhitamanna við Sameinuðu þjóðirnar. Rætt hefur verið um jarðhitadeild á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Fram kom sú ábending að gefa þyrfti gaum að

hlutverki Háskólans í að sinna ýmsum undir-stöðuatriðum og fræðilegum hliðum jarðhita-nýtingar og þyrfti að gera háskólamönnum kleift að stunda rannsóknir og fræðilega ráð-gjöf á þessu sviði, án þess þeir yrðu bein-línis dregnir inn í framkvæmdirnar sjálfar. Þá var talið að Tækniþólinn hefði hlutverki að gegna í menntun bortækna og annarra tækni-manna við jarðhitavirkjanir.

7. MEGINNIÐURSTÖÐUR

Af undanfarandi yfirliti og með hliðsjón af þeim viðhorfum sem fram koma í gögnum fundasyrpunnar um orkumál, má ef til vill draga eftifarandi ályktanir um stöðu og þróun orkumála og þörfina fyrir rannsóknir og tæknipróún á orkusviðinu:

1. Borið saman við önnur lönd er Ísland vel sett að innlendum orkulindum í hlutfalli við eigin þarfir. Þessar orkulindir má nýta til flestra þátta þjóðlifs nema að svo stöddu fyrir sam-göngutæki og fiskveiðiskip (sem er nál. helmingur af orkunotkun landsmanna).
2. Framleiðslukostnaður raforku er tiltölulega lágor en verð til neytenda hátt vegna ýmissa orsaka, sem ekki liggja allar ljósar fyrir. Nauðsynlegt er að kanna leiðir til úrbóta í þessum efnum.
3. Brýn nauðsyn er á mótun skýrari stefnu um nýtingu orkulindanna, þar með ákvörðun um nýtingarhraða og þátt orkufreks iðnaðar. Þetta atriði sérstaklega er mikilvægt vegna skynsamlegra og hagkvæmra vinnubragða við rannsóknir og undirbúning, m.a. til að tryggja

hæfilegan fjölda vel undirbúinna valkosta á hverjum tíma. Nauðsyn er að tengja betur en verið hefur uppbyggingu orkuiðnaðarins þörfum efnahagslífsins og heimila fyrir orku.

5. Taka þarf upp nýja starfshætti við undirbúning og ákvarðanir um nýja orkuáfanga og iðjuver þeim tengda. Taka ber meira tillit til félagslegra og umhverfislegra aðstæðna og jafnframt skilja skýrar á milli undirbúningsstigs og framkvæmdastigs. Ákvarðanir Alþingis og framkvæmdavalds þurfa að koma á réttum stöðum í undirbúningi og þá á grundvelli heildarsýnar og með hliðsjón af nokkrum valkostum á hverjum tíma.
6. Efla þarf stöðu Orkustofnunar í stefnumótun í orkumálum og við rannsóknir á því sviði.
7. Orkustofnun þarf að stórauka rannsóknir á orkubúskap Íslendinga og kanna leiðir til hagræðingar og bættrar nýtingar orkukerfisins.
8. Sýnilega má auka verulega nýtingu innlendra orkugjafa í framleiðsluferlum og hýbýlahitun landsmanna. Ennfremur eru nokkrir nýir notkunarmöguleikar innan sjónmáls.
9. Leggja ber aukna áherslu á ráðdeildarsemi í notkun orku, hvetja til sparnaðar og hafa verðlagningu orku þannig að dýrkeypt orka sparist, en bætt nýting orkukerfisins fáist m.a. með aukinni nýtingu umframorku og jafnara á lagi yfir sólarhring og árstíðir.
10. Leggja ber aukna áherslu á orkutækni í landinu til að styðja við könnun og beislun orkulindanna (einkum á sviði jarðvarmans),

en ekki síður til að þróa hagkvæmar leiðir til nýtingar orku í hinum ýmsu framleiðsluferlum og hitunarkerfum landsins.

11. Auka þarf skipulagða þekkingarmiðlun á sviði orkutækni, en sérstaklega jarðvarmatækni, til að greiða fyrir útflutningi íslenskrar tækniþekkingar og skiptum á tækni við erlendar þjóðir og alþjóðastofnanir. Efla þarf starfsemi Háskólans og Tækniskólans á þessu sviði.
-